

Tæknilegar skilareglur Rúv vegna Alþingiskosninga 2016.

Rúv tekur við öllum viðurkenndum tæknistöðlum sem eru útsendingarhæfir. En til að einfalda skil og úrvinnslu, þá er óskað eftir skrá in í því formi sem er tilgreint hér að neðan.

HD

Skár eru pakkaðar inn í svokallaða wrappera. Eftirfarandi wrapperar teljast til útsendingarhæfra wrappera:

Wrapper: **MXF, MOV**. (Avi, mpeg, mpg, mp4, wmv, eru ekki útsendingarhæfir nema við mjög ströng skilyrði og stillingar. Því er óskað eftir því að efni sé ekki skilað á slíku formi.

Takið eftir því að MP4 er ekki á listanum þar sem að hugtakið MP4 nær yfir efni sem ætlað er til dreyfingar en ekki til fullvinnslu og útsendingar í sjónvarpi, nema að mjög ströngum skilyrðum uppfylltum.

Sá fjöldi stillimöguleika og mismunur á milli klippihugbúnaða gerir skil í MP4 mjög flókna og því ekki æskilegt að skila slíkri skrá. Ef tæknimaður telur sig hafa fullt vald á þeirri tækni, þá má skila í MP4 en Rúv áskilur sér rétt á að biðja um skrá í öðru formi ef skráin uppfyllir ekki skilyrði til útsendingar.

Efnið sem er sett í wrapper kallast vegna skorts á þýðingu, "Codek" og getur verið af ýmsu tagi en til að auðvelda skil og úrvinnslu er eingöngu tekið við fáum tegundum af codekum.

Codek: **XDCamHD50, ProRes** (Ekki HQ né Proxy) **DnXHD**.

Ekki þarf að hafa áhyggjur af bitahraða í þessum codekum þar sem þeir eru fyrirfram ákveðnir.

Upplausn: **1920*1080** i50/25 (Ekki er tekið á móti efni í 4K þó að margar ljósmyndavélar og klippiforrit ráði við slíka upplausn)

Víxlrammar (interlazed). Efni má afhendast bæði í interlazed og progressive.

Rammahraði: **25 rammar á sekúntu**.

Hljóð: Spor 1 og 2, **Stereo**.

SD

Wrapper: **MXF, MOV**

Codec: **IMX50, DVPAL, ProRes**

Upplausn: **720*576**

Rammahraði: **25 rammar á sekúntu**.

Víxlrammar: **Eingöngu Interlazed**.

Hljóð: Spor 1 og 2, **Stereo**.

SD Spólur. (Ekki er tekið við efni á spólum í HD.)

Spólur: **Digibeta**,

Ingvar Hreinsson, mediacenter.